

Héraðsskjalasafn Akraness

Ársskýrsla fyrir árið 2005

Afhendingar til safnsins á árinu 2005 voru 32, 13 afhendingar til skjalasafnsins og 19 til ljósmyndasafnsins. Skjalasafnið skiptist í tvennt, annarsvegar eru skjöl opinberra aðila., O söfn. Þau eru alls 117, þ.e.a.s. O.1 til O.117. Hinsvegar eru það einkaskjalasöfn, E-söfn og eru þau alls 180.

Á vef ljósmyndasafnsins voru 18.800 myndir í lok ársins og hafði þeim fjölgað um 3.600 frá fyrra ári. Jafnframt bárust rúmlega 1.600 ábendingar frá notendum safnsins í gegnum vefinn auk fáeinna sem sendar voru í tölvupósti.

Í janúar var, í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur, farið með sýninguna á ljósmyndum Árna Böðvarssonar til Reykjavíkurog hún sett upp á Reykjavíkurtorgi í Grófarhúsi.

Hinn 1. júní hófst ljósmyndakeppni sem Ljósmyndasafnið stóð fyrir í samstarfi við Skessuhorn og Pennann á Akranesi. Þema keppinnar var „Sumar á Vesturlandi“ og bárust rúmlega 50 myndir. Í dómnefnd voru Ágústa Friðriksdóttir, Carsten Kristinsson og Guðni Hannesson, en þau eru öll menntaðir ljósmyndarar búsettir á Akranesi. Niðurstaða þeirra var sú að fyrstu verðlaun hlaut Helga Guðmundsdóttir, Erpsstöðum í Dalasýslu. Önnur verðlaun hlaut svo Helga Guðmundsdóttir, Akranesi og Þórdís Björnsdóttir, Akranesi í 3. sæti. Sama dag og ljósmyndasamkeppnin hófst, var opnuð í Bókhöðunni sýning á ljósmyndum eftir Eirík Kristófersson, en hann hlaut fyrstu verðlaun í fyrstu ljósmyndasamkeppni safnsins árið 2003.

Norræni skjaladagurinn er haldin annan laugardag í nóvember ár hvert. Árið 2005 var þema skjaladagsins „Við...“ Af því tilefni var sett upp í anddyri Bókhöðunnar sýning á myndum og skjölum úr skjalasafni Jóhannesar Gunnarssonar úr þrjátíu ára „ferðasögu“ ferðahóps á Akranesi. og þemað því „Við ferðafélagarnir“

Í byrjun mars lét Kristján Kristjánsson, héraðsskjalavörður af störfum hjá safninu. Var þá eftir tæpur mánuður af ráðningartíma Helga Steindal, sem unnið hafði undangengna ellefu mánuði við skönnun og myndvinnslu í Ljósmyndasafninu. Það varð úr að Helgi skyldi taka við starfi Kristjáns og var ráðinn til að gegna forstöðu fyrir Héraðsskjalasafnið til áramóta. Er það 70% staða svo sem verið hefur.

Um miðjan febrúar var sótt um til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands að fá að ráða starfsmann í atvinnuátaksverkefni. Með bréfi dags. 22. apríl 2005 fékk safnið heimild til að halda atvinnuátaksverkefninu áfram og var Anna **Heiðrún** Jónsdóttir í ráðin í sex mánuði, þ.e. frá 11.maí til 11. nóvember. Í lok júlí fór Heiðrún og leysti af á bæjarskrifstofunni í mánuð og svo aftur í nóvember. Voru þetta alls 32 vinnudagar og framlengdist ráðning Heiðrúnar á Ljósmyndasafninu sem því nam, eða til og með 27. desember. Með bréfi dags. 20.

október óskaði safnið eftir því við Svæðisvinnumiðlun Vesturlands að fá að ráða Heiðrúnu til sex mánaða í viðbót. Það leyfi var veitt og gerður nýr ráðningarsamningur dags. 28. des. Heiðrún er ráðin til 16. júní 2006 og starfshlutfall hennar 100%.

Staða héraðsskjalasafnsins í skipuriti Akraneskaupstaðar mun hafa verið nokkuð til umræðu innan stjórnkerfis bæjarins á árinu 2005. Sú breyting var gerð að málefni Bókasafns Akraness og héraðsskjalasafns færðust til Jóns Pálma Pálssonar, bæjarritara, sem jafnframt er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs. Hinn 28. desember samþykkti Menningarmála- og safnanefnd að leggja til við Bæjarráð að fella starfsemi héraðsskjalasafnsins undir Bókasafn Akraness. Daginn eftir, 29. desember staðfesti Bæjarráð svo tillöguna og fól bæjarritara að vinna að málinu.

Akranesi, 26. janúar 2006